



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. / 14



Hrafnseyrarheiði í Skipadal 28. apríl 2014. Mynd: Sigurður B. Ásvaldsson.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fimm rannsóknarskýrsla. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Fleytitíð – Álagstoppar í morgunumferð einkabíla og almenningsamgangna

VSÓ ráðgjöf, mars 2014

Í fyrsta áfanga þessa verkefnis var gerð frumathugun á því hvort fleytitíð (skilgreind þannig: „að fletja út álagstoppa og draga úr þörf á aukinni afkastagetu með því að hliðra til opnunartíma og starfsemi stofnana/vinnustaða“) geti skilað einhverjum árangri til að fletja út álagstoppa í umferð um

Miklubraut í tengslum starfsemi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Í þessum áfanga var smíðað hermilíkan sem hermdi umferð á Miklubraut milli Kringlumýrarbrautar og Lönguhlíðar. Í ljós kom að með góðri útfærslu á fleytitíð fæst umferðartæknilegur ávinningur sem felst í minni seinkun, færri stoppum og styttri ferðatíma vegfarenda. Í skýrslunni kemur hins vegar líka fram að myndað var samstarf með ádurnefndum þremur vinnustöðum. Fundað var með tengiliðum frá þeim og þá kom fram að nær ógerlegt er talið að hliðra starfsemi háskólanna, s.s. stundartöflum, sem eru samhangandi og stofunýting há. Myndi það setja starfsemi þeirra úr skordum að láta eitt svið þeirra byrja fyrr eða síðar en ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 22. árg. nr. 628 12. maí 2014

Ritsstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

► önnur svið. Það er því vandasamt að finna bestu mögulegu útfærslu á fleytitíð og reynir hún á samvinnu allra vinnustaða á svæðinu. Í tengslum við verkefnið var gerð ferðavenjukönnun hjá stofnuninum og bent er á að vinna megi frekar úr henni, til dæmis hægt að fá mat á hvað þarf að gera til að breyta ferðavenjum.



Umferð á Miklubraut.

Reykjavíkurvegir – saga og minjar

Ómar Smári Ármannsson, mars 2014

Í ritinu er fjallað almennt um fornar götur hér á landi, vörður, forsögu vegambóta og þróun samgöngumála með áherslu á elstu Reykjavíkurléiðirnar fornu. Götunum sjálfum er sérstaklega lýst sem og vörðum, skjólum og fleiru sem þeim tengjast. Fjallað er um hugsanlegan aldur minja,




Seluhúsið á Kolviðarhóli, byggt 1844

að teknu tilliti til heillegleika, staðsetningar og lögunar sem og vísan til ákvæða í gildandi tilskipan, reglna og laga á hverjum tíma. Getið er um sögur og minjar, sem tengjast umferð um vegina og stöðum í nálægð þeirra og þróun samgangna lýst. Ritíð er um 300 síður að lengd og það þrýða margar myndir og teikningar.

Klæðingar, rannsóknir og þróun á prófunaraðferðum – Áfangaskýrsla 3

Pétur Pétursson, PP ráðgjöf, mars 2014

Í þessum áfanga var m.a. skoðað virkni mismunandi viðloðunarefna með tíma, prófaðar raunblöndur með mismiklu magni af mýkingarefni og stungudýptarmælingar á biki eftir upphitun á rannsóknastofu. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir samanburði á mældum kornakúrfum hjá verk tökum og á prófunarstofum og hitamælingum við útlögn. Helstu niðurstöður sem fram koma eru vísendingar um að virkni viðloðunarefnisins Wetfix N versnar með tíma, meðan TPH



Mælingar á seigju þjálbiks með etylester úr lýsi við mismunandi hitastig

og Impact 8000 eru ekki eins næm fyrir því. Prófanir með mismunandi magn mýkingarefna (etylester úr lýsi) benda til að viðloðunareiginleikar versni þegar hlutfall mýkingarefnis er undir 5% af biki. Stungudýptarmælingar á biki eftir upphitun benda til að bikið harðni eftir fyrstu upphitun, en ekki marktækt meira við aðra og þriðju upphitun. Nokkur munur kom fram í mælingum mismunandi aðila á kornakúrfum og talið er að skoða þurfi það nánar, til dæmis hvort allir aðilar fari eftir Evrópustöðlum, m.a. um kvarðanir á sigtum.

Hitamælingar við útlögn sýna m.a. að hitastig lesið af tanki er oftast nálægt 140 °C, en er orðið að meðaltali 15 gráðum lægra við greiðu bílsins.

Umhverfislegur ávinningur af strætóferðum á Vesturlandi 2013

Hrafnhildur Tryggvadóttir, Umis ehf., Environice, mars 2014


Árið 2012 var gerð rannsókn á væntingum fólks á Vesturlandi til breyttra ferðavenja með tilkomu nýs samnings um almenningsamgöngur og líklegar notkunar á kerfinu. Greint er frá niðurstöðum þeirra rannsókna í skýrslu sem kom út í mars. Til að leggja raunverulegra mat á nýtingu og umhverfisáhrif strætóferða, var rannsóknin endurtekin árið 2013. Gerð var könnun meðal strætófarþega og skoðaðar farþegatölur frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Meðal niðurstaðna sem fram koma er að flestir svarendur könnunar nota srætó a.m.k. einu sinni í viku í ferðir til höfuðborgarsvæðisins. Miðað við fyrri könnun telja fleiri það nú raunverulegan kost að selja einkabíl og nota strætó í staðinn. Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum eru skoðaðar fyrir ákveðnar sviðsmyndir og mismunandi strætóleiðir. Helstu niðurstöður eru að umhverfislegur ávinningur sé í öllum mánuðum ársins, a.m.k. ef gert er ráð fyrir að hver farþegi aki annars einn í bíl og í flestum tilvikum ef miðað

er við að tveir ferðist saman. Í skýrslunni er bent á að breytingar í forsendum hafi áhrif á hagkvæmnina, t.d. hafi afsláttur af olúgjaldi minnkað og einnig hafi verið fallið frá fyrirhugaðri hækkun á gjaldskrá. Sagt er að til að verkefnið standi undir sér og geti talist á leið til sjálfbærni þarf að leiðrétta þennan forsendubrest, annað hvort með auknu framlagi frá opinberum aðilum eða með því að auka fjölda farþega sem nýta kerfið.

Gæðastýring birgða – áfangaskýrsla

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit, Birgir R. Eypórsson, Daníel Árnason og Guðmundur Ragnarsson, Vegagerðin, mars 2014

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti árið 2013 styrk til að vinna kerfi fyrir gæðastýringu á birgðum hjá Vegagerðinni. Kerfinu er ætlað að styrkja og skýra allt umhald með birgðum hjá stofnuninni ásamt því að auka rekjanleika í birgðahaldinu. Þetta á að tryggja að efni sem notað er til vegagerðar uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til þess, bæði hvað varðar tæknilega eiginleika, móttöku, geymslu og afhendingu. Í skýrslunni er greint frá því að farið var yfir aðferðir sem notaðar voru hjá Vegagerðinni varðandi stýringu birgða. Fram kom að notuð eru hefðbundin tæki og tól varðandi umhald innkaupanna en þar skorti að einhverju leyti á forskrifðar aðferðir, ►



Viðhorfskönnun. Telur þú að tilkoma strætó hafi eða muni skapa ný tækifæri fyrir þig eða þína fjölskyldu?



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 5. maí 2014. Búið er að sprengja 2.289 m frá Eyjafirði sem er 32% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 5. maí 2014. Búið er að sprengja samtals 1.387 m sem er 18,3% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

► gátlista, eyðublöð og þ.h. fyrir rekjanleikann. Kröfulýsingar eru til fyrir suma vöruflokka sem og upplýsingar um hvort og þá hver skuli gera úttekt eða rannsókn við afhendingu vöru en það vantar víða. Í framhaldi af þessari yfirferð, var hafist handa við að vinna tillögur að endurbættu kerfi og gerð voru flæðirit fyrir innkaupin. Í skýrslunni eru flæðiritin birt ásamt leiðbeiningum og eyðublöðum. Nú er unnið að innleiðingu kerfisins hjá Vegagerðinni. ■



Ræsarör á lager.

Niðurstöður útboða

Dettifossvegur (862),

Tóveggur - Norðausturvegur 14-018

Tilboð opnuð 6. maí 2014. Gerð Dettifossvegur (862) í Norðurþingi á kafla sem byrjar 0,8 km sunnan við heimreiðina að Tóvegg og nær að Norðausturvegi. Verkið felst í nýbyggingu Dettifossvegur á þessum kafla, nýbyggingu heimreiðar að Tóvegg og gerð áningarstaðar. Lengd Dettifossvegur á þessum kafla er 3,22 km og lengd heimreiðar að Tóvegg er um 0,3 km.

Helstu magnþölur eru:

Skering	8.225 m ³
Fylling	45.224 m ³
Fláafleygar	10.149 m ³
Ræsaloð 3 ræsi	45 m
Endafrágangur ræsa	6 stk.
Neðra burðarlag	20.750 m ³
Efra burðarlag	5.882 m ³
Einföld klæðing	25.730 m ²
Frágangur fláa	45.186 m ²
Girðingar	6.600 m
Ristarhlíð	3 stk.

Vinna við vegagerð getur ekki hafist fyrr en eftir 10. ágúst 2014. Vinnu við neðri hluta efra burðarlags og allri efnisvinnslu skal vera lokið fyrir 15. nóvember 2014. Ljúka skal gerð efri hluta efra burðarlags og klæðingar vorið 2015. Verkinu öllu skal ljúka eigi síðar en 15. júní 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
7	ÍAV hf., Reykjavík	224.022.324	168,3	99.205
6	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	169.309.653	127,2	44.493
5	P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	139.947.882	105,1	15.131
4	Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	136.955.600	102,9	12.139
3	Ístrukkur ehf., Kópaskeri	133.887.980	100,6	9.071
---	Áætlaður verktakakostnaður	133.148.000	100,0	8.331
2	Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	129.895.100	97,6	5.078
1	Árni Helgason, Ólafsfirði	124.817.100	93,7	0

Skeiðará, vígsla 1974

Þessi mynd var birt í 1. tölublaði þessa árs en hún var tekin þegar vegurinn yfir Skeiðarársand, og þar með Hringvegurinn (1), var formlega opnaður sunnudaginn 14. júlí 1974. Gestir við vígsluathöfn voru fjölmargir, forseti Íslands, nokkrir ráðherrar, alþingismenn og fjöldi annarra. Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari í Ímynd var viðstaddur og tók fjölda mynda, m.a. þessa mynd. Talsvert margir eru auðþekktir á myndinni og voru nöfn þeirra listuð með frumbirtingu. Lesendur voru beðnir um upplýsingar um aðra og komu margar ábendingar. Þau nöfn eru hér birt með svörtu letri en þau sem áður voru birt eru blá. Beðið er með að birta nokkrar óstaðfestar tilgátur. Hugsanlega hafa einhverjar rangfærslur slæðst inn og er þetta því birt með fyrirvara. Enn vantar nöfn og þeir sem þekkja til eru beðnir um að senda tölvupóst til vai@vegagerdin.is.

Upphéraðsvegur (931),

Bolalækur - Brekkugerði 14-027

Tilboð opnuð 6. maí 2014. Endurbygging Upphéraðsvegur (931) í Fljótsdalshreppi milli Bolalæks og Brekkugerðis, alls um 4,22 km.

Helstu magnþölur eru:

Möln steinefna	9.500 m ³
Bergskering	780 m ³
Fylling og fláafleygar	9.000 m ³
Neðra burðarlag	9.100 m ³
Efra burðarlag	3.700 m ³
Einföld klæðing	28.100 m ²
Lenging og endurlögn ræsa	93 m
Frágangur fláa	39.300 m ³

Lagningu klæðingar skal að fullu lokið fyrir 1. september 2014. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2014.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	109.011.027	147,5	32.278
2	S.G. Vélar ehf., Djúpavogi	77.048.234	104,3	315
1	Ylur ehf., Egilsstöðum	76.732.993	103,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	73.900.000	100,0	-2.833



- Heiðar Jakobsson, sonur 12
- Guðlaug Jakobsdóttir, dóttir 12
- Anna Margrét Þorkelsdóttir, maki 8
- Vilhjálmur Hjálmarsson, ráðherra, maki 7
- Þorleifur Ólafsson, blaðamaður
- Kristrún Sigurðardóttir
- Guðveig Bjarnadóttir, Bólta í Skaftafelli, móðir 2, 3
- Skúli Ingvarsson, frá Borgarfirði eystra, maki 22
- Sveinn Jóhannsson, frá Borgarfirði eystra, maki 23
- Elísabet Sveinsdóttir frá Borgarfirði eystra, maki 20
- Geirlaug Sveinsdóttir frá Borgarfirði eystra, maki 21
- Magnús Kjartansson, ráðherra, maki 25
- Kristrún Ágústsdóttir, maki 24
- Halldór Ásgrímsson, alþingismaður
- Bergþóra Óskarsdóttir, maki 29
- Gardar Sigurðsson, alþingismaður, maki 28
- Kjartan Árnason, héraðslæknir á Höfn, maki 31
- Ragnhildur Sigbjörnsdóttir, maki 30.
- Steinunn Norberg, maki 53
- Bryndís Jónsdóttir, maki 38
- Snæbjörn Jónasson, verkfræðingur, maki 36
- Jens J. Jessen verkfræðingur hjá Cowiconsult (gestur Helga Hallgrímssonar)
- Jóhanna Þórðardóttir, maki 49
- Margrét Jensdóttir, maki 42
- Sigfús Örn Sigfússon, verkfræðingur, maki 41
- Sigrún Hermannsdóttir, hjúkrunarfræðingur Höfn
- Carl Olsen, vegamálastjóri Noregs

- Jón Torfi Jörundsson, kranamaður
- Steingrímur Ingvarsson, verkfræðingur, maki 40
- Jón Birgir Jónsson, verkfræðingur, maki 35
- Per Milner, vegamálastjóri Danmerkur
- Sverrir Hermannsson, alþingismaður, maki 65
- Pétur Ingólfsson verkfræðingur
- Greta Lind Kristjánsdóttir, maki 63
- Baldvin Einarsson, verkfræðingur
- Alexander Ingimarsson, mælingamaður
- Jónas Gíslason, brúasmiður
- Hugi Jóhannesson, brúasmiður
- Eymundur Sigurðsson lóðs á Höfn
- Erna Hauksdóttir, dóttir Hauks Einarsson trésmiðs og Guðrúnar Gísladóttur ráðskonu.
- Páll Þorsteinsson fv. alþingismaður Hnappavöllum
- Ásdís Þórðardóttir, Djúpavogi
- Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, Djúpavogi
- Sigurður Gunnlaugsson, Djúpavogi
- Valdís Hauksdóttir, sama og 74
- Einar Ágústsson, ráðherra
- Haukur Karlsson, brúasmiður, maki 92
- Sigríður Magnúsdóttir, maki 91
- Einar Hafliðason, verkfræðingur, maki 97
- Sigrún Magnúsdóttir, maki 95
- Gunnar Kristjánsson tækniteiknari
- Guðmundur Bjarnason, bóndi Holtahólum
- Örn Eriksen, Reynivöllum



Vegna framkvæmda við brúargólf Borgarfjarðarbrúar er lokað fyrir umferð á annari akrein á hluta brúarinnar. Notast verður við ljósastrýngar fyrir umferð. Framkvæmdir munu standa yfir frá 2. maí til 13. júní. Myndin var tekin við samskonar framkvæmd vorið 2013.

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta 2014-2019,

Höfuðborgarsvæðið 14-025

Tilboð opnuð 6. maí 2014. Vetrarþjónusta árin 2014 – 2019 á eftirtöldum meginleiðum:

Arnarnesvegur (411)	1,63 km
Álftanesvegur (415)	4,05 km
Bessastaðavegur (416)	0,82 km
Breiðholtsbraut	4,48 km
Elliðavatnsvegur	5,51 km
Fjarðarbraut	3,65 km
Hafnarfjarðarvegur (40)	7,73 km
Hringvegur (1)	7,80 km
Nesbraut	11,25 km
Nýbýlavegur	2,91 km
Reykjanesbraut (41)	21,61 km
Vífilsstaðavegur (412)	3,24 km

Helstu magnþölur á ári eru:

Viðmiðunarakstur vörubíla er áætlaður 61.500 km

Biðtími vélamanna, er áætlaður 30 klst.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
10 Fljótavík ehf., Reykjavík	97.350.000	197,0	50.985
9 T2 ehf., Reykjavík	93.706.500	189,6	47.342
8 Borgarverk ehf., Borgarnesi	80.040.000	161,9	33.675
7 Urð og grjót ehf., Reykjavík	78.894.000	159,6	32.529
6 I J. Landstak ehf., Reykjavík	77.235.000	156,3	30.870
5 Íslenska gámafélagið ehf., Reykjavík	65.895.000	133,3	19.530
4 G.T. hreinsun ehf., Hafnarfirði	55.363.500	112,0	8.999
3 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	54.360.000	110,0	7.995
2 Jón og Margeir ehf., Grindavík	53.977.500	109,2	7.613
--- Áætlaður verktakakostnaður	49.425.000	100,0	3.060
1 Óskatak ehf., Kópavogi	46.365.000	93,8	0

Vetrarþjónusta 2014-2019,

Reykjanesbraut - Suðurnes 14-026

Tilboð opnuð 6. maí 2014. Vetrarþjónusta árin 2014 – 2019 á eftirtöldum meginleiðum:

Bláalónsvegur (426)	
Grindavíkurvegur - Bláa lónið	2,35 km
Garðskagavegur (45)	15,13 km
Grindavíkurvegur (43)	14,04 km
Hafnavegur (44)	8,55 km
Krýsuvíkurvegur (42)	27,05 km
Miðnesheiðarvegur (423)	1,66 km
Nesvegur (425)	26,72 km
Reykjanesbraut (41)	35,64 km
Sandgerðisvegur (429)	6,43 km
Suðurstrandarvegur (427)	23,42 km
Vatnsleysustrandarvegur (420)	11,32 km
Vogavegur (421)	1,49 km

Helstu magnþölur á ári eru:

Viðmiðunarakstur vörubíla er áætlaður 85.750 km

Biðtími vélamanna, er áætlaður 30 klst.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
10 T2 ehf., Reykjavík	83.256.750	121,0	29.528
9 Fljótavík ehf., Reykjavík	75.165.250	109,2	21.437
8 Hilmar B. Ólafsson ehf., Reykjavík	68.840.000	100,0	15.111
--- Áætlaður verktakakostnaður	68.825.000	100,0	15.096
7 G.T. hreinsun ehf., Hafnarfirði	68.649.250	99,7	14.921
6 Kolor ehf., Reykjavík	67.874.500	98,6	14.146
5 I J. Landstak ehf., Reykjavík	67.185.000	97,6	13.456
4 Borgarverk ehf., Borgarnesi	67.005.000	97,4	13.276
3 Grafa og grjót ehf., Kópavogi	65.898.750	95,7	12.170
2 Íslenska gámafélagið ehf., Reykjavík	65.260.000	94,8	11.531
1 Jón og Margeir ehf., Grindavík	53.728.750	78,1	0



Þegar ritstjóri þessa blads var ungur drengur upp úr 1960 sigldi hann með Skjaldbreiðinni frá Reykjavík vestur í Flatey á Breiðafirði með viðkomu í Grafarnesi. Þannig var staðurinn nefndur og myndin hér að ofan sem er úr safni Geir G. Zoëga er merkt „Grafarnes 1946“. Nú er talað um Grundarfjörð og er staðurinn nefndur eftir firðinum sem Grafarnes gengur út í. Nýja myndin var tekin nú í lok apríl.

Á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar segir um Grundarfjarðarhöfn: „Í lok 19. aldar er verslunarstaðurinn fluttur af Grundarkambi í Grafarnes og fékk hann löggildingu þar árið 1897. Fyrstu húsin, svonefnd Neshús voru byggð í Grafarnesi árið 1906 ásamt skansi í fjörinni framaf til fisklöndunar. Árið 1928 var stofnað hlutafélag

um rekstur íshúss í Grundarfirði og starfaði það í 6-7 ár. Um 1930 tók íbúðarhúsum að fjölga.“ Í bókinni „Íslenskar hafnir og hafnargerð“ segir: „Fyrsta bátabryggjan í Grafarnesi var gerð árið 1932 úr grjóti og steinsteypu. Hún náði í fyrstu ekki nema fram undir stórstraumsfjöruborð og varð því að sæta sjávarföllum við að leggjast að henni en var fljótlega lengd og var það svo endurtekið í áföngum næstu árin fram á miðjan 6. ártug 20. aldar. Gerð hafskipabryggju hófst á árunum 1942-1943 austast á Grafarnesi. Fyrsti hluti bryggjunnar var 64 m að lengd, en hún var lengd um 32 m árið 1946 með steinsteyptum kerjum og var djúpi við hana utanverða þá um 3 m. Hafskipabryggjan var enn lengd árin 1953 og 1959.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
14-029 Reykholtaldsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2014
14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2014
14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	2014
14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014	2014
14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	2014
14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	2014
13-074 Landeyjahöfn - lenging flóðvarnargarðs og aðkomuvegur	2014
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2014

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik	12.05.14	27.05.14
14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadal	28.04.14	13.05.14
14-035 Vetrarþjónusta 2014-2017, Akranes - Reykjavík og Þingvallavegur	28.04.14	13.05.14
14-036 Vetrarþjónusta 2014-2017, Borgarnes - Akranes og Brattabrekka	28.04.14	13.05.14

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	14.04.14	06.05.14
14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	14.04.14	29.04.14
14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur	14.04.14	06.05.14
14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes	14.04.14	06.05.14
14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið	14.04.14	06.05.14
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Kambshóll	07.04.14	22.04.14
14-030 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015	31.03.14	15.04.14
14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	31.03.14	15.04.14
14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti	31.03.14	15.04.14
14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói	31.03.14	15.04.14
14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Árnassýslu	31.03.14	15.04.14
14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík	31.03.14	15.04.14
14-033 Seyðisfjarðarvegur (93) Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2014	24.03.14	08.04.14
14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing	24.03.14	08.04.14
14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur, bundið slitlag	24.03.14	08.04.14

Útboð á samningaborði, framhald Auglýst: Opnað:

14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik	24.03.14	08.04.14
14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repave/fræsing og malbik	24.03.14	08.04.14
14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing	24.03.14	08.04.14
14-016 Svínvetningabraut (731), klæðingarendi - Kaldakinn	10.03.14	01.04.14
14-030 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma 2014-2015	10.02.14	25.02.14
14-032 Akureyri - endurbygging Togarabryggju, þekja og laggnir	10.02.14	25.02.14

Samningum lokið Opnað: Samið:

14-034 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2014 Fossvélar ehf., kt. 531271--0179	08.04.14	02.05.2014
--	----------	------------

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir 14-005

Tilboð opnuð 29. apríl 2014. Niðurrekstur stálþils á Hringvegi (1) í Hvalnesskriðum, alls um 250 m. Hvalnesskriður eru á Austfjörðum um 45 km frá Höfn. Helstu magntölur eru:

Uppsetning stálþils. 250 m
Fyllingar við stálþil 1.200 m³
Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. september 2014.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	30.129.000	100,0	12.050
4	Jökulfell ehf., Hornafirði	29.325.000	97,3	11.246
3	Urð og grjót ehf., Reykjavík	20.540.800	68,2	2.462
2	SG verktakar ehf., Djúpvavogi	18.220.904	60,5	142
1	Jarðlist ehf., Reykjavík	18.079.000	60,0	0

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik 14-013

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2014.

Helstu magntölur eru:

Útlögn malbiks 11.800 m²
Hjólfarafylling 4.175 m²
Fræsing 230 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. maí 2014. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. maí 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.